

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga -ónúmerað

Lesið í landið

Vitnisburður búsetumína

Guðný Zoëga
Sigríður Sigurðardóttir

Í vinnslu

2010

Formáli

Uppfletirit þetta er fyrir þá sem hafa áhuga á að leita upplýsinga um gamla tíma og horfna búskaparhætti á ferð um landið. Falleg náttúra virkar eins og segull á sálina. Þangað þyrpist fólk til að njóta og nærast. Með vaxandi áhuga á ferðalögum innanlands hafa augu okkar opnast fyrir því að fleira er í umhverfi okkar sem skiptir máli en náttúran sjálf. Ef grannt er skoðað má finna og sjá menningarminjar sem landið geymir enn þar sem menn hafa ekki umbylt jörðu og kaffært með húsum. Það er spennandi viðbót á ferð um landið að geta lesið í gamlar tóftir og spáð í hvað var þar umleikis fyrir hundrad árum og jafnvel fyrr. Sagan talar til okkar frá gömlum tóftarbrotum og örnefni minna á þjóðhætti. Mörgum þykir lítið augnayndi í veggjabrotum og hálfhrundum húsum, en ef við þekkjum hlutverk þeirra og horfum á þau út frá handverkinu sem í þeim felst blasa við okkur heimildir sem geta sannarlega kryddað tilveruna.

Með þessu smáriti er gerð tilraun til að skapa fólki, sem er á faraldsfæti möguleika til að lesa í landið og sjá við hverju má búast, og hvar og hvers vegna. Því þrátt fyrir alla náttúrfegurðina sem við njótum á ferð um landið okkar er það mikils virði fyrir marga að geta bætt inn í myndina væntingum um að sjá meira en augað nemur í fljótu bragði og átta sig á hvernig forfeður okkar nýttu sér þetta sama umhverfi og settu mark sitt á það. Fáir fara um lönd án leidarvísa eða landakorta þar sem sjá má bæjarnöfn og örnefni. Með þetta litla kver í viðbót við landakortið er von okkar sú að ferðin verði enn meira spennandi. „Landslagið yrði lítills virði ef það hétu ekki neitt“, sagði skáldið og til viðbótar má bæta við ... og hvergi sæjust spor genginna kynslóða.

Efnisyfirlit

Búsetuminjar	4
Bæjarstæði, kirkjur og grafreitir	5
Minjar innan túns og heimalands	6
Minjar utan túns	10
Við sjóinn	19
Gamla tímatalið	20
Eyktamörk	21
Orðskýringar	21
Helstu heimildir	24

Í vinnslu

Myndir eru frá:

Hjalta Pálssyni – H.P.

Héraðsskjalasafni Skagfirðinga – HSk.

Sigríði Sigurðardóttur – Sigr.Sig.

Búsetuminjar

Búsetuminjum má gróflega skipta í tvo flokka, minjar í túni og minjar utan túna. Stærsti minjaflokkurinn teljast útihús hverskonar. Innan túns má nefna fjós, fjárhús, hrútakofa, hesthús, hlöðu, lambhús, smiðju og skemmu. Utan túns eru *beitarbúis*¹, stekkur, heytóft, rétt, smalakofi, sel og byrgi ýmiskonar og fleira. Aldur útihúsa er sjaldan þekktur. Oft voru þau byggð öldum saman á sama stað. Leifar eldri mannvirkja kunna því að leynast undir tóftum þeirra yngri.

Lega og útlit minja gefur oft til kynna hvaða minjar um er að ræða þó svo engar heimildir séu til um notkun þeirra. Í mörgum tilvikum er þó erfitt að ákvarða um notkun mannvirkisins.



Myndin er tekin í Svartárdal 1937. Gamli bærinn stendur í miðju heimatúni, uppi til hægri, þvottur er á snúrunni, við heimreiðina sem liggur niður að bæjarlæknum. Þar hefur greinilega verið farið yfir á vadi og sem leið liggur um götur meðfram brekkurótum, til vinstri. Uppi í gúlkjastínunum, efst á túninu, fyrir ofan heimreiðina, er sex-þéða kartöflugarður. Túngarður er greinilegur fyrir ofan bæinn og hefur túnið greinilega verið stækkað því milli bæjar og túngarðs vottar fyrir eldri túngarði. Búpeningsbús eru hægra megin við bæinn, sennilega fjárbús og fjós. Annað búpeningsbús, fjárbús, er vinstra megin við bæjarlækinn, efst í túninu hérna megin við bæjarlækinn, með tveimur dyrum á. Neðst í sama túni eru önnur fjárbús, þriggja dyra. Vinstra megin við gamlan lækjarfarveg, sem sniður túnið í sundur, eru tvenn fjárbús. Það neðra, nær, með þremur dyrum og hlið efra, með tveimur. Í kring um neðra fjárbúsið hefur verið staflað upp taðbraukum. Taðið var stungið út úr búsunum og þurrkað og breykt þegar það var orðið fullþurrt til eldivíðar. Öll bús eru hláðin upp af torfi og grjóti. Bærinn sjálfur er með þremur burstum, þ.e. timburþiljum fram á hlið.

¹ Skáletruð orð eru útskýrð í kaflanum **Orðskýringar**, aftast í ritinu.

Bæjarstæði, kirkjur og grafreitir

Bæjarhólar urðu til við það að sífellt var bætt við, endurbyggt og húsum breytt á sama stað. Við það hækkuðu hólarnir og breikkuðu eftir því hve lengi var búið á sama stað og hve húsin voru mörg og stór. Bæjarhólar eru gríðarlega mikilvægar heimildir um mannlíf fyrr á öldum því þeir varðveita upplýsingar um húsakost og lífnaðarhætti og þar eru mestar líkur á að verðmætir gripir finnist. Núverandi hús eru oft byggð ofan á eða inn í gömlu bæjarhólana, en oft má líka sjá þá sem grænar stórar þústir og hóla í landslaginu.

Bænhús voru lítil guðshús, einkskonar *heimiliskapellur*, ætluð til bæna-gjörða fyrir heimilisfólksins. Bænhúsin voru oft á eða við bæjarhól-inn. Stundum má sjá hringlaga form kirkjugarðs, þar sem bænhúsin stóðu. Grafreitir hefur verið umhverfis flest þeirra í upphafi.

Grafreitir (kirkjugarðar) voru oftast afmarkaðir af hlöðnum torf-eða grjóttveggjum og yfirleitt nærri bæjarhólum. Fjöldi grafa hefur fundist þar sem engar heimildir eru til um kirkjur, sem bendir til að víðar hafi verið jarðað á fyrstu öldum kristni en ætlað hefur verið.



Kirkjur stóðu yfirleitt ekki langt frá bæjarhúsum. Kirkjugarðar fyrr á öldum voru flestir hring- eða sporöskjulaga. Myndin er frá Flugumýri. Mynd. HSK.

Kirkjur voru oftast á bæjarhólum eða við hann, gegnt bæjarhúsum eða við hlið þeirra. Dæmi eru um að kirkjur og kirkjugarðar hafi verið flutt til á jörðum, yfirleitt ekki langan veg.

Minjar innan túns og heimalands

Minjar innan túns eru oft horfnar vegna *jarðabóta* eða annarra framkvæmda nútímans. Þó má enn finna merki um búsetuhætti á gömlum túnum, einkum þar sem bæir hafa farið í eyði um og fyrir vélvæðingu.

Beðasléttur: Leifar túnsléttunar frá um 1880-1925. Minjar um *þúfnasléttun*, jarðrækt sem unnin var í höndunum og hafa yfirleitt verið útmáðar. Helst sjáanlegar á eyðibýlum sem fóru í eyði fyrir vélvæðingu. Beðasléttur eru fremur mjóir, lítið eitt kýfðir teigar með rásum (rás-um) á milli þannig að vatn rennur af þeim.




Myndin er af Biskupslaug á Reykjum í Hjaltadal. Upphlaðin baðlaug með seti. Mynd. Sigr. Sig.

Baðlaugar: Hér og hvar á landinu má enn finna náttúrulegar laugar þar sem fólk tók sér bað sér til heilsubótar. Nokkrar eru upphlaðnar. Svo sem Biskupslaugin á Reykjum í Hjaltadal. Á nokkrum stöðum voru laugarnar einnig notaðar til þvotta.

Brunnar: Brunnar og vatnsból voru mikilvæg enda var greiður að-

gangur að vatni grunnforsenda þess hvar bæjum var valinn staður. Brunnar voru oft grjóthlaðnar, gjarnan hringlaga en stundum ferkantaðir og gátu verið nokkurra metra djúpir. Vatnsból s.s. við upp-
sprettulindir voru einnig gerð aðgengileg með hleðslum, ef þurfti.

Fjánhús/kvikfénadhús/búpeningshús: Fjánhústóftir eru marg-
víslegar og stærð þeirra getur verið mismunandi og oft má greina
garða eftir miðri tóftinni eða stalla við vegg.



Á teikningunni er tveggja króa fjárhús með garða á milli króa þannig að fénadur gat étid af garðanum báðu megin frá. Við endann, þvert á kerarnar er heyhlaði. Tóftardyr voru úr hlöðu inn á garðann og dyr hafa verið fyrir báðum króm á þessum húsnum. Algengt var að einar dyr væru á fjárbúsum beint fram af garðanum.

Fjós: Fjóstóftir eru oft fast við bæinn sjálfan eða nálægt honum. Einkenni þeirra er *flórin*, *básarnir* og *jatan*, við annan hvor vegginn.

Geymsla: Skemma fyrir verkfæri, ull eða matvæli.



*Til vinstri eru kví-
ar hlaðnar úr torfi
og grjóti. Heim-
reiðin er meðfram
kviunum og götum
beim á bæjarhlaði.
Hægra megin við
reiðmanninn sér í
túngarðinn.
Mynd. HSK.*

Heimreið var síðasti spott afleggjarans heim á bæjarhlaðið. Oft upphlaðin meðfram götum í gegn um túnið og heim á hlað.



Hestasteinn: Var yfirleitt staðsettur á bæjarhlaði eða á stöðli. Til að binda á ferðahesta meðan staldrað var við eða á meðan menn bjuggu sig til ferðar.

Hestasteinn á Glaumbæjarhlaði. Höggvið er stig í steininn til að auðveldara sé að stíga uppá hann. Ljósm. Sigr.Sig.

Hesthús: Hús með stalli við annan langvegg. Ýmist heima við bæi, yst í túni eða við túngarð.

Heyhlaða: Hlöður voru yfirleitt áfastar við búpeningshúsin en þær gátu líka verið frístandandi.

Heytóft/heykuml: Hey var hlaðið upp í fúlgur og tyrft yfir þannig að skepnur komust ekki að því. Hyllst var til að velja þurran og góðan stað þar sem vatn rann frá heyjum og hlaðinn garðstubbur umhverfis heyið. Sami staður var notaður ár eftir ár og smám saman myndaðist tóft sem oft eru með ógreinilegum „veggbotum“.

Hjallur: Geymsla eða skúrbygging úr timbri, þiljuð til hálfis. Notuð til að þurrka og geyma í mat, s.s. þurrkað kjöt, skreið, hákarl og fleira.

Hlaða: Heygeymsla fyrir hey, hlaðið úr torfi og grjóti með þaki. Yfirleitt áföst við *búpeningshús*, en þekkjast stakar.

Hrútakofar: Smærri torf- og grjóthlaðnir kofar, oft yst í túni, með jötu við langvegg.

Kálgarður: Nærri húsum eða utanvið túngarð þar sem sólar naut og var vel varinn fyrir búfénaði. Oftast með hlöðnum torf- eða grjótgördum.

Kofar: Torf- og grjóthlaðnir kofar til geymslu búfjár, hænсна, eða annarra eigna.



Þessi hænսnakofi hefur sennilega áður verið skemma, þar sem verkfæri voru geymd. Ljós. HSk.

Kvíar: Kvíar voru oftast í túni eða rétt utan þess. Þar voru kvíaær mjólkaðar. Kvíar voru oft hlaðnar úr torfi og grjóti, aflangar, fremur þröng rétt. Breiddin var tvær *arlangdir* með gangvegi á milli. Bændur voru einnig með kvíar úr timbri, *færikvíar*, sem þeir gátu fært til eftir þörfum. Örnefnir kvíaból vísar til þess hvar kvíarnar stóðu.

Lambhús: Smærri kofar eða hús oft sambyggð öðrum búpeningshúsum eða mannabústöðum.

Myllur: Kornmyllur knúðar vatni voru við marga bæi á 19. öld og fram á þá 20. Oft hafa myllusteinarnir einir, sem möluðu kornið, varðveist eftir að myllurnar sjálfar hrundu. Mylluörnefni á mörgum bæjum vísa til þess hvar myllurnar voru. Myllutóftir eru enn finnulegar við ár eða læk. Þær eru litlar, grjót- og torfhlaðnar og dyr eða op er á tóftinni þar sem vatnið var leitt inn og út. Grafnar rennur eru úr læk ofan við að tóftina sem vatnsmagninu var stýrt um.

Ræsi: Stungin rás fyrir vatn. Oft var brúað yfir og þá var einnig talað um ræsi.

Skemmur: Geymsla fyrir verkfæri, áhöld, matvæli, ull, tjöru, of fleira sem búið þurfti. Yfirleitt hlaðin upp af torfi og grjóti, með framþili úr timbri.

Skurðir: Grafnar vatnstrásir til að ræsa fram vatn og þurrka upp landið. Verulegur munur eru á handgröfnum og vélgröfnum skurðum, sem þekktist best á stærð þeirra.

Smiðjur: Smiðjur voru oft við bæjarstæðið sjálft, en einnig eru dæmi þess að þær hafi staðið í túni dálítið frá bænum, vegna eldhættu. Oftast frekar smáar tóftir.

Túngarður: Hlaðinn garðveggur úr torfi og/eða grjóti, til að verja tún.



Torfhlaðinn túngarður er umhverfis Glaumba á Langbolti í Skagafirði. Sigr.Sig.

Minjar utan túns

Sá flokkur minja sem jafnan hefur varðveist best eru hverskyns minjar utan túns. Þær liggja gjarnan á stöðum þar sem nútíma jarðrækt hefur aldrei verið beitt.

Áveitu- og stíflugarðar: Víða á engjum, við ár og vötn, eru enn gamlir áveitu- eða stíflugarðar, frá þeim tíma er menn nýttu áburð vorflóðanna. Þegar flæddi hlóðu menn garða fyrir útfallið þannig að leðjan úr vatninu, sem var hinn besti áburður, settist til og varð eftir þegar vatnið gufaði upp eða *sjatnaði*.

Beitarhús/hagahús: Beitarhús voru oft byggð upp þar sem góður hagi var eða á gömlum *selstæðum*, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímam til að hlífa túnnum og heimahögum. Beitarhúsatóftir samanstanda af myndarlegri fjárhús-tóft eða tóftum, og yfirleitt er hlaða áföst fjárhúsunum.

Borgir: Hrossaborgir, sauðfjárborgir. Hringlaga, yfirleitt hlaðnar úr grjóti, þykkir veggir, með dyrum á. Lágum fyrir sauðfé, hærri fyrir hross.

Brunnur: Þar sem ekki var hægt að ganga að uppsprettu eða rennandi læk með hreinu vatni grófu menn brunna nálægt bæjum sínum. Oft um 5-7 m. djúpir og grjóthlaðnir að innan. Með vindu yfir og oft svokölluðu brunnhúsi sem byggt var yfir brunna. Víða má sjá merki hringlaga jarðfalls þar sem brunnurinn var, en sjaldnast er nokkuð eftir af þeim þar sem menn hafa sléttað tún umhverfis bæina og fyllt upp í brunna.

Brú: Brúað var yfir ár með trjám, sem lögð voru á örugga kletta eða aðra undirstöðu, stundum hlaðna *brúarstjpla*. Og eru það oft einu sjáanlegu merki brúargerðar yfir ár og læk. Önnur brúargerð var þegar hlaðin var jarðvegsbrú úr gjóti og/eða torfi yfir mýrlendi. Jarðbrú.

Byrgi: Fjárbyrgi, lambabyrgi. Hlaðið skjól fyrir búfé líkt og fjárborgirnar. Einnig eru sumstaðar skotbyrgi, til tófu- og refaveiða á heiðum og upp í fjalla, en þau eru miklu minni en fyrir búfénað.

Búð: Tjaldbúð, þingbúð. Stundum er hægt að greina lága veggir úr torfi og/eða grjóti umhverfis „búðina“.

Dómhringir: Hugsanlega hringlaga garðaleifar, ef sjáanlegar. Fremur ólíklegt er að sjá dómhringi í minjaumhverfinu. Meintur dómhringur í Hegranesþingi reyndist vera 11. aldar kirkjugarður.

Dysjar/kuml: Heiðnir fornmenn voru *dysjaðir* í kumlum sem hægt er að sjá hér og hvar þar sem jörð hefur beitt og er ósnert frá þjóðveldistíma. Dysjar/kuml má þekkja á því að oft er steinum raðað í sporöskjulaga.

Fjárborgir: Fjárborgir voru hringlaga, hlaðnar úr torfi eða grjóti. Fjárborgir voru algengar sunnan lands og austan, en fáséðari norðan og vestan. Hlaðnar nær sama í toppinn og dyr miðaðar við sauðfé, sem borgirnar voru fyrir, oft fjarri bæjum.

Garðlög: Margskonar garðlög er að finna umhverfis tún og utan þeirra. Bæjarstæði voru oftast afmörkuð með hlöðnum túngarði þá oftast úr grjóti og torfi. Garðar umhverfis beitarhús geta verið vísbendingar um að áður hafi verið þar býli. Vallargarðar eru garðar utan túna. Oft er erfitt að geta sér til um not þessara garða en líklega hafa þeir þjónað þeim tilgangi að aðgreina land í nytjaeiningar. Svo-kallaðir landamerkjagarðar voru einnig hlaðnir á mörkum landeigna.



Reiðgötur eru greinilegar. Drengur á beimleið úr fengsalli fuglaveiðiferð. Ljós. HSk.

Gata/götur: Leið sem menn og skepnur hafa farið aftur og aftur

Þar til myndast hefur greinileg slóð, gata, götur sem haldast árum og árhundruðum saman.



Gamlar reiðgötur eru víða enn vel sýnilegar. Ljós. Sigr.Sig.



Loftmynd af gerðinu á Örlygsstöðum. Þástir innan garðs tilbeyrðu sennilega fornbylí. Ljós. H.P.

Gerði: Afgirt svæði yfirleitt með hlöðnum garðveggjum umhverfis. Sennilega eru þau í flestum tilfellum leifar fornbylí.

Gildirur: Refagildirur, fiskigildirur. Yfirleitt hlaðnar úr grjóti.

Gjafaréttir, gjafagirðingar eru hringlaga opnar réttir eða aðhald fyrir sauðfé í útbeit. Yfirleitt hlaðnar úr grjóti og torfi.

Heytóftir: Þar sem hey var slegið á engjum eða mýrum voru hlaðnir upp garðstubbjar um svokallaðar heytóftir. Þar var heyinu safnað saman og það sett upp í heyfúlgum sem byrgð til geymslu fram á vetur þegar þurfti að fódra búsmalann. Slíkar tóftir eru oftast ferkantaðar eða sporöskjulaga með engum dyrum. Að vanda eru tóftirnar nokkru hærrí en umhverfið til að halda heyinu þurru og til að varna því að búsmali kæmist að því.

Heyvinnsla: Stundum má sjá minjar um fyrstu tilraunir til túnsléttu og kallast það beðasléttur. Frá aldamótum og fram um 1930 var unnið að túnasléttun og framræslu á flestum bæjum. Tímabilið er í þessu sambandi oft nefnt *þaksléttutími*. Fyrsta áratuginn voru notuð handverkfæri. Sléttað var í löngum ræmum eða beðum sem síðan settu svip á túnið. Sléttaðar voru tóftir næst bæjum og jafnað úr gömlum húsnum sem staðið höfðu dreifð innan túns.



Hér er búið að setja upp hey í fúlgur og verið að tyrfa yfir beyðið með torfi þannig að útilokað var fyrir skepnur að komast að heybirgðunum. Eins og sjá má er lágir veggir umhverfis heyin og þegar búið er að gefa allt hey blasa við tómar heytóftirnar. Ljósmynd. HSK.

Hrossaborgir: Svipaðar og fjárborgirnar, með hestgengum dyrum. Af sama tagi voru *skjólgarðar* sem hlaðnir voru fyrir stóðhross á útingangi og svokallaðir krossgarðar, sem gegndu sama hlutverki og voru hlaðnir í kross.

Kartöflugarður/jurtagarður: Yfirleitt voru kál- og kartöflugarðar upp við bæinn eða utan túns, upp við túngarðinn, þannig að hann nýttist sem ein hlið garðsins. Hyllst var til að hafa jurtagarða á móti suðri. Garðveggir voru hlaðnir úr torfi.

Kolagröf: Hér og hvar á heiðum og innst í dölum, oft á afréttar-svæðum, finnast grunnar, gryfjur eða grafir, þar sem gert var til kola fyrr á tíð. Þá var safnað hrísi, fjalldrapa og öðrum grófum runna-gróðri. Greinarnar rifnar af og hafðar til eldiviðar en leggirnir högg-nir í gryfjuna sem var fyllt. Þá var kveikt í gryfjunni og tyrft yfir þannig að lofttæming varð. Við þetta myndaðist mikill hiti og tréð ornaði. Brúnkol, eins og þetta efni var kallað, voru mun betri á *smíðjuafli* en t.d. mór.

Kláfar: Trékassar sem dregnir voru á strengjum yfir ár á milli gljúfur-barma. Merki þeirra eru hugsanlega vinduleifar eða hlaðnir stöplar.

Kolagrafir: Þar sem áður var kjarr- og skóglendi má finna grafir sem í eru koluð tré. Það eru leifar eldiviðar sem unnin var í grófum þess-um. Þ.e. runnar voru rifnir og tré höggvin ofan í gryfjuna, kveikt í og allt byrgt með torfi. Við hitunina koluðust trén og gáfu mun meiri hita þannig.

Lambabyrgi: Skjól, byrgi eða kró, ýmist náttúruleg eða upphlaðin, til að hýsa lömb í.

Laug: Heitavatns uppsprettur og volgrur voru notaðar til baða og fataþvotta. Stundum voru þær upphlaðnar að hluta eða öllu leyti. Yfirleitt eru þær utan túna en ekki var það regla.

Leiði: Legstaður grafinna í kirkjugarði. Oft sem aflangar risapúfur í gömlum kirkjugörðum sem ekki hafa verið sléttaðir.

Mógrafir: Má enn finna í mýrlendi þar sem er þykkur jarðvegur vel varðveittra lífræna árpúsunda gamalla jurtaleifa. Yfirleitt eru þær

Í vinnistu

fallnar saman og grunnar, uppgrónar og hættulausar.

Nátthagi: Torf og grjóthlaðnir yfirleitt hringlaga garðar, með hliði á. Nátthagar eru frá þeim tíma þegar fráfarur voru stundaðar í stórum stíl. Næturhólf til að bæla fráfarulömbin á stekktíðinni. *Mylkum* ám var haldið innan nátthagans á næturnar en sleppt út fyrir á daginn og haldið til haga. Lömbin voru lokuð inni í lítilli kró við stekkin yfir nóttina, en sleppt með ánum á daginn. Innan nátthaganna, eða í næsta nágrenni var stekkur þar sem ærnar voru mjólkaðar.

Rekavinnslustaður: Staður þar sem gott aðgengi var í rekafjöruna og öruggt fyrir sjávarágangi. Örnefni vísa til þessara staða, en þeir hafa vaflaust færst til eftir því hvernig/hvort strandlengjan breyttist.



Hér er verið að gera við blöðslur í gamalli skilarétt í Silfrastaðafjalli. Ljós. Sigr.Sig.

Rétt: Réttir og gripaheldi hverskonar finnast gjarna fjarri bæjum, oft mitt á milli bæja. Smærri réttir til heimabruks voru þó nálægt bæjum. Lögréttir nefndust þær réttir sem byggðar voru upp sem skilaréttir fyrir *heimfjallasmölnun* eða afaréttir. Oft hlaðnar úr grjóti, gjarnan upp við klettaveggi eða annað náttúrulegt aðhald. Réttir sem voru notaðar á einstakra bæja voru oftast smáar og einfaldar að gerð en stærri lögréttir svo sem til *vorrunings* eða *haustsmölnunar* voru stórar og oft margskiptar með *dilkum*.

Sel: Yfirleitt voru sel nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læk. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl

við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Sel voru í notkun allt frá landnáms tíð og fram undir 17-18. öld. Seltóftir eru jafnan leifar þriggja eða fleiri tófta, oft samfastar. Stundum voru þar líka krær eða grip-heldi. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Býli þessi tóku þá gjarnan nafn með viðskeytinu -sel. Erfitt getur verið að greina milli tófta selbúskapar eða smábýla þar sem búseta var í e.t.v. í skemmri tíma. Oft greina smábýlin á túngarðinum sem hefur verið hlaðinn umhverfis bæjarhúsin.

Skáli: Langhús, aflangt hús, íveruhús frá þjóðveldistíma.

Smalakofar: Fé var smalað í haga að morgni og heim til mjalta að kveldi. Smalar sátu yfir fénu á daginn og voru það oft börn eða unglingar sem gegndu því starfi. Algengt var að smalar hlæðu sér smákofa eða afdrep fyrir veðri og vindum meðan setið var yfir. Tóftir smalakofa eru oft mjög litlar og standa í brekkum eða á hólum þar sem víðsýnt var.

Stakkgarður: torf- eða heystakkur, þar sem torfi eða heyi var stakkað upp til geymslu. Líkist heytóftum í landslaginu.

Stekkir: Á stekkjum var fært frá, lömb færð frá ánum til að hægt væri að nýta mjólkina til manneldis. Þeir liggja gjarnan utan túna nokkurn spöl frá bæjum, svokallaðan stekkjaveg. Stekkir eru oftast hlaðnir úr grjóti, tvískiptir í rétt og lambakró. Króin var lítil og þakið *reft* og *tyrft*. Þeir eru gjarnan hlaðnir upp við stóra náttúrusteina eða klettaveggi.

Stöðull: Þurr *vallendisbali* eða hæð við túngarð þar sem kýr, kvíaær tóku sér stöðu, biðu t.d. eftir mjöltum og brúkstestar stóðu milli þess sem þeir voru á beit eða í notkun. Búféð vandist þangað, kynslóð eftir kynslóð. Nú er þar fátt að sjá, en örnefnið hefur varðveist á stöku stað.



Sæluhús við Galtará á Kjalvegi 1897. Nú eru þar uppgrónar rústir og fátt að sjá. Ljós. HSk.

Sæluhús: torf- og/eða grjóthlaðnir kofar við fjallvegi. Tóftir sæluhúsa má finna við gamla fjallvegi þar sem áður lá alfaraleið. Rústir þeirra líkjast helst *tattum* húsa, s.s. skemma, heima við bæi.

Túngarður: Garður var hlaðinn umhverfis tún til að verja þau gagnvart búpeningi yfir *sprettuúmann*. Túngarðarnir voru yfirleitt hlaðnir úr torfi og grjóti.

Vað: Þar sem götur liggja að vötnum, ám og lækjum er yfirleitt vað yfir og grynna eða sléttara í botninn en annars staðar. Eða þægilegra að komast að því.

Varða: Uppmjó áberandi grjóthleðsla við götur, einkum fjallvegi, sem hlaðin hefur verið til að varða slóðina þar sem best er að fara.

Vegir: Varðveist hafa gamlar kerruslóðir og upphlaðnir vegir.

Virki: Verndaður staður, hús eða garður umhverfis bústað með háum veggheðslum eða rammbýggðum úr tré. Yfirleitt löngu horfnir.

Þvottaból: Staður þar sem þvottur var þveginn við rennandi vatn læk eða ár. Yfirleitt ekkert lengur sjáanlegt en örnefni vísa á þessa staði. Sjá einnig laugar.

Ærgötur: Mjóar götur, eftir sauðfé, sem þræða fjöll og heiðar. Yfirleitt er óhætt að treysta því að þær séu færar fólki, hvort sem þær eru um mýrlendi eða skriður.

Við sjóinn

Oft varðveitast menjar um sjósókn illa vegna nálægðar við hafið og vegna framkvæmda við þéttbýlismyndun og hafnargerð. Verstöðvar eða útgerðarstaðir voru oft notaðir frá mörgum bæjum/byggðarlögum og því kann þar að finna nokkuð fjölbreyttar minjar.

Fiskbyrgi: Oftast grjóthlaðnar einfaldar byggingar, ferhyrndar eða hringlaga, þar sem þurrkaður og saltaður fiskur var geymdur.

Hafnir: Varðveisla hafna er oft vond enda brjóta brim mannanna verk niður þar sem sjór nær til þeirra. Náttúrulegar hafnir eru yfirleitt enn þar sömu, þótt þær hafi margar breyst á mörg hundruð árum, eins og höfnin á Kolkuósi. Hafnir þar sem menn hafa reynt að hlaða var fyrir báta, eru langoftast löngu horfnar.

Hjallur: Oft finnast hleðslur undan hjöllum, fiskhjöllum og geymslum. Slíkar hleðslur eru oft ferköntuðu upphleðsla sem myndar sléttan flöt eða grunn. Einnig er oft einföld grjótröð sem markar af grunninn.

Hróf: Staður þar sem skip voru dregin á land og komið fyrir til geymslu. Um hverfis þau var hróflað upp veggjum sem yfirleitt voru ekki mjög vönduð og líkjast hrúgöldum.

Lending: Hér og hvar í fjörum má enn sjá lendingar, þ.e. einskonar „rennur“ upp í og í gegn um grýttar fjörur þar sem bátum var lent þegar komið var úr róðrum. Breiddin er u.þ.b. bátsbreidd.


Naust: Tóftir í eða við fjörur þar sem bátar voru dregnir upp og geymdir. Naust geta verið á ýmsa vegu, allt frá tóftum sem reft hefur verið yfir til einfaldra vegghleðsla sem bátar hafa verið lagðir á milli. Oft eru naust bátslaga, þar sem bátum hefur verið smeygt inn.

Sjöhús/verbúðir voru íverustaðir sjómanna á meðan á vertíð stóð. Stundum voru þessi hús á tveimur hæðum. Geymsla undir veiðarfæri

og annan búnað á neðri hæðinni en svefnstaður manna á þeirri efri. Grunnur húsanna var grjóthlaðinn en efri hæðin úr timbri. Einnig voru verbúðir oft einföld grjót- og torfhlaðin hús.

Uppsátur: Þar lögðu menn upp bátum. Uppsátur eru oft samsíða grjóthledslur sem liggja í sjó fram. Upphlaðnir sjógarðar eða bryggjur eru voru líka til, en eru sjaldgæfari.

Varnargarður: Þar sem brim brýtur land eða þar sem flóð geta skemmt vatnsbakka hafa menn reynt að verja bakkana, með grjóti.



Víð fjöruborðið nær liggur náttúrulegt studlaberg og í framhaldi af því hefur verið hlaðið grjóti með vélarafli nútímans. Ofan við studlabergsfjöruna hefur verið hlaðinn bakki úr grjóti, sem ver landið fyrir brimsköfnum og uppfoki.

Gamla tímatalið

Þótt mánaðaheitin okkar hafi gilt áður fyrir eins og þau enn gera þá var fólki tamara að nota önnur og eldri heiti sem fremur voru bundin við athafnir og afkomu fólks heldur en mánaðaheitin. Nöfn eins og mörsugur um háveturinn sem lýsir því að þá reynir á vetrarfordann og sýgur mörinn af tvífatnum jafnt og fersfatnum, eða heyannir um þann tíma sem heyskapur stóð sem hæst. Þessi þula lýsir vel við hverju mátti búast á hverjum tíma.

Mörsugur, á miðjum vetri, markar spor í gljúfrasetri.

Þorri hristir fannafeldinn, fnæsir í bæ og drepur eldinn.

Góa á til grimmd og blíðu, gengur í éljapílsíðu.

Einmánuður andar nepju, öslar snjó og hendir krepju.

Harpa vekur von og kæti, vingjarnleg og kvik á fæti.

Skerpla lífsins vöggv vaggar, vitjar hreldra, sorgir þaggar.
Sólmánuður ljóssins ljóma leggur til og fuglahljóma.
Heyannir og *hundadagar*, hlynna að gæðum fróns og lagar.
Trímánuður allan arðinn, ýtum færir heim í garðinn.
Haustmánuður, hreggi grætur, hljóða daga, langar nætur.
Gormánuður, grettið tetur, gengur í hlað og leiðir vetur.
Ýlir ber, en byrgist sólin. Brosa stjörnur, koma jólin.

Eyktamörk

Hverjum sólarhring var skipt í 8 eyktir. Í hverri eykt voru 3 klst. Sólin vísaði á hvað tímanum leið. Menn settu áttirnar á sig og fundu út mið fyrir eyktahringinn, eða einskonar sólarúr allan sjóndeildarhringinn.



Miðin voru kölluð eyktamörk og þegar sólin var yfir eyktamarkinu var hún á háttímanum, hver sem hann var. Þegar sólar gætti ekki gat verið erfitt að átta sig, en fólk var yfirleitt ekki í vandræðum með það. Eyktamörkin voru jafnframt áttatákn þannig að örnefnið Hádegishólar var hluti af eyktahringnum og eru í hásuðri frá

einhverjum bæ. Út frá því má finna hverjir notuðu það sem eyktamark sé það ekki þekkt.

Orðskýringar

Bás – afmarkað svæði, milli stöða, hver fyrir eina kú.

Beitarhús - sauðir voru langoftast hafði á beitarhúsum, allfjarri tún-um. Stundum til fjalla. Þar sem var góð vetrararbeit, sem þýðir að þeim var beitt (láttnir bíta gras) á meðan gaf á jörð, sem kallaða var. Menn gengu á beitarhúsin alla daga eftir að farið var að hýsa féð, til að reka það til beitar. Ef haglaust varvar hey gefið á garða. Í einstaka tilfellum voru hey geymd og tyrfð við húsin þannig að skepnur

kæmust ekki í það, eða að menn báru hey í meis (rímlakassi úr tré) á bakinu til húsanna þá daga sem nauðsynlegt þótti að gefa á garðann.

Brúarstöpull – stöpull, stallur fyrir brúarendann.

Búpeningshús – fjárhús, fjós, hesthús og önnur hús yfir búpening, húsdýr.

Dilkur – sá hluti af rétt, þar sem sauðfé og annar búfenaður er dreginn inn í þegar fé var dregið í sundur á vor- og haustsmölun.

Dysjað – grafið. Dys, legstaður ókristins manns eða dýrs.

Flór – langur lítið eitt niður grafinn skorningur, yfirleitt lagður steinhellum sem þægilegt var að hreinsa.

Færikvíar – kvíar sem gerðar voru úr timburflekum og hægt var að færa til.

Haustsmölun – þegar fé er smalað af fjalli að hausti.

Heimfjallasmölun – hvert haust var farið til heiða og fjalla og öllu búfé smalað til rétta. Þar var féð dregið í sundur

Heimiliskapella – Guðshús þar sem heimilisfólk fór með bænir.

Jarðabætur – túnræktun, þurrkun lands og vinnsla til grasræktunar.

Jata – stokkur úr tré, þar sem kúnum var gefið. Yfirleitt negld á stoðir við vegg. Í einstaka tilfellum eru jötur upphlaðnar úr grjóti og torfi, við langvegg húsa.

Kvíær – ærnar (kindurnar) voru mjólkaðar kvölds og morguns allt sumarið. Úr mjólkinni var gert rjómi og undanrenna, smjör, skyr og mysa. Eftir sauðburð var lömbum kvíaáanna leyft að vera með þeim í 2-3 vikur. Á stekktímanum var þeim haldið á beit yfir daginn og að kvöldi voru þau reknar í stekkin, sem var lítil rétt oft nokkuð langt frá bæ, og hafðar þar yfir nóttina. Lömbin voru sett inn í litla kró (lambakró) við stekkin. Um morguninn voru ærnar mjólkaðar og svo var bæði ám og lömbum hleyp saman til beitar yfir daginn. Að fráfarum liðnum voru lömbin færð frá ánum og rekin til fjalls, en ærnar voru reknar heim og mjólkaðar kvölds og morgna á kvíunum.

Mylkar – mjólkandi ær. Ærnar voru mjólkaðar til skyr- og ostagerðar.

Reft – raftar lagðir yfir grindarviði, undir torf, grjóthellur eða járn.

Í Vinnslu

Selstæði – staður þar sem haft var í seli. Þ.e. á sumrin var búsmalinn rekinn í þó nokkra fjarlægð frá heimilinu þar sem var góður sumarhagi. Þar var m.a. unnið úr mjólkinni.

Skjólgarður – garður sem settur var upp fyrir búfénað til skjóls fyrir veðrum. Krossgarður hét svo ef hann var hlaðinn í kross.

Smíðjuafl – aflinn, þar sem eldurinn logar, hlóðir.

Sjatnaði - vatn sjatnar, sígur niður í jörðina, hverfur, gufar upp.

Sprettutími – sá tími sem mest grassprettu er snemma sumars.

Tyrft – að tyrfa, setja torf yfir, þekja.

Tættur – tóftir, húsarústir, tætlur af húsum.

Vallendisbali – þar sem er þurrt og slétt. Vallendi, völlum, sléttlendi. Bali – þurr og sléttur flötur.

Vorrúningur – rúningur að voru. Rúningur. Rýað. Þ.e. þegar ullin er klíppt, rúin er af sauðfénu.

Þaksléttutími – snemma sumars þegar frost var farið úr jörðu var land sléttað.

Þúfnasléttun – þegar þúfur voru skornar burtu eða barðar niður til að slétta út land og auðvelda það til ávinnslu og sláttar.

Ærlengdir – hver ær um 50-70 cm á lengd. Tvær ærlengdir eru jafnlengd tveggja áa (kinda).

Helstu heimildir

Eiríkur Eiríksson frá Skatastöðum, 1985. „Lifnaðarhættir Skagfirðinga á 19. öld“ (57-105). *Skagfirðingabók 14*. Rit Sögufélags Skagfirðinga. Reykjavík.

Séra Jónas Jónasson frá Hrafnagili, 1961. *Íslenskir þjóðbættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Þriðja útgáfa. Útg. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík.

Rit Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal, 1963. Gísli Kristjánsson og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar. Útg. Búnaðarfélag Íslands. Reykjavík.

Rögnvaldur Steinsson á Hrauni, 1987. „Um búskaparhætti á Skaga 1883-1919“ (122-132). *Skagfirðingabók 16*. Rit Sögufélags Skagfirðinga. Reykjavík.